

# Málstofa um stærðfræði



Nanna Þ.  
Möller og  
Heiða Lind  
Heimisdóttir

Mánudaginn 7. september var haldin málstofa á Menntavísindaviði HÍ v/Stakkahlíð. Hún var fyrsti dagskrárliður haustsins í samstarfi Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun, Flatar, félags stærðfræðikennara, og Stærðfræðitorgsins.

Kynning fór fram á tveimur nýlegum íslenskum rannsóknum sem voru meistaraverkefni til M.Ed. gráðu frá Kennaradeild Menntavísindasviðs HÍ.

Fyrirlesarar voru Nanna Þ. Möller grunnskólakennari í Sæmundarskóla og Heiða Lind Heimisdóttir grunnskólakennari í Norðlingaskóla.

Fyrirlestur Nönnu bar heitið „**Það hugsar enginn eins...**“ Notkun hugmyndakorta til að skapa umræður í stærðfræðinámi og fyrirlestur Heiðu Lindar **Hugmyndir nemenda um sjálfa sig í stærðfræðinámi.**

Þetta voru mjög áhugaverðir fyrirlestrar og fjölluðu báðir um þætti sem stærðfræðikennarar geta unnið með þ.e. umræður í stærðfræðinámi og sjálfsmynd nemenda.

Áhugasamir geta nálgast meistararitgerðirnar hér: Nanna Þ. Möller og Heiða Lind Heimisdóttir



Hlustað af  
athygli.